

Ár 1979, þriðjudaginn 9. apríl, var í málinu nr. 6/1979  
kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:


Málavextir eru þeir, að með bréfi, dags. 5. mars 1979, kærði Guðbjörg Egilsdóttir út af mati og skattlagningu íbúðar, sem hún á að Stifluseli 5 í Reykjavík. Samkvæmt upplýsingum kæranda er íbúðin háð ákvæðum laga nr. 30/1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins, en í lögum þessum sé Reykjavíkurborg áskilinn forkaupsréttur að íbúðinni og ákvæði sett um hámarks söluverð íbúðarinnar, ef hún skyldi verða sold. Samkvæmt útreikningum kæranda nam söluverð umræddrar íbúðar í nóvembermánuði 1978 kr. 7.100.000,-, eins og kærandi hefur gert ítarlegagrein fyrir í ofangreindu bréfi. Telur kærandi, að þetta verð beri að leggja til grundvallar í fasteignamati og við álagningu fasteignaskatts. Er í því sambandi enn fremur tekið fram, að líta megi á forkaupsrétt Reykjavíkurborgar sem sérgreindan eignarrétt í skilningi 2. gr. laga nr. 94/1976 um skráningu og mat fasteigna og að því leyti sé kæranda óskyldt að svara fasteignaskatti af íbúðinni.

Kærandi hefur skýrt sjónarmið sín nánar í umræddu bréfi. Samkvæmt 3. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 406/1978 skal við mat fasteigna eigi taka tillit til sérstakra ákvæða eða reglna um hámarkssöluverð fasteigna. Þá verður að líta svo á, að kærandi sé eigandi umræddrar íbúðar í heild í skilningi 4. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga. Þegar af þeirri ástæðu verður kæran ekki tekin til greina.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð:

Ofangreind kæra er ekki tekin til greina.

  
Gaukur Jörundsson.

  
Torfi Ásgeirsson

  
Magnús Þórðarson